

AUGLÝSING**um gjald fyrir afnot stöðumælareita í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Frá og með 29. ágúst n. k. verður gjald fyrir afnot stöðumælareita á Laugavegi fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 27. ágúst 1969.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 175.

3. september 1969.

AUGLÝSING**um gjald fyrir afnot stöðumælareita í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Frá og með 5. september n. k. verður gjald fyrir afnot stöðumælareita í Skólavörðustíg fimm krónur fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. september 1969.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 176.

1. júlí 1969.

AUGLÝSING**um umferð í Kópavogskaupstað.**

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru stöður bifreiða bannaðar á götunum Vogatunga—Dalbrekka.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 1. júlí 1969.

Sigurgeir Jónsson.

Nr. 177.

27. júní 1969.

AUGLÝSING**um umferð í Kópavogskaupstað.**

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og vegna framkvæmda, sem nú standa yfir við lagningu nýs Hafnarfjarðarvegar (Reykjanesbrautar), verða á tímabilinu frá 1. júlí 1969 til 31. október 1969 sett ýmiss konar